



## URÐUNARSTAÐURINN STEKKJARVÍK – AUKIN URÐUN

Tillaga að matsáætlun

29.03.2019





## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

2364-006-SKY-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/21

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Magnús B. Jónsson

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Friðrik K. Gunnarsson

### LYKILORÐ

Stekkjjarvík, urðun, úrgangur, sorp, heimilissorp, aukning urðunar, tillaga að matsáætlun, matsáætlun, mat á umhverfisáhrifum

### STAÐA SKÝRSLU

- Drög
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

### DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Urðunarstaðurinn Stekkjarvík – Aukin urðun. Tillaga að matsáætlun.

### VERKHEITI

Stekkjjarvík aukin urðun

### VERKKAUPI

Norðurá bs.

### HÖFUNDUR

Sigrún María Kristinsdóttir, Gunnar Svavarsson

### ÚTDRÁTTUR

Norðurá bs. áformar að auka við árlegt magn til urðunar á urðunarstaðnum í Stekkjarvík í landi Sölvabakka, Blönduósi úr 21.000 tonnum af heimilis- og rekstrarúrgangi á ári hverju í 30.000 tonn, eða um samtals 9.000 tonn á ári. Ekki er um að ræða aukningu á heildarmagni urðaðs úrgangs í Stekkjarvík, sem eftir sem áður er áætlaður 630.000 tonn í lok rekstrartímans, árið 2038.

Urðunarstaðurinn tók til starfa 2011 og gilt starfsleyfi heimilar nú urðun á allt að 21 þús. tonnum af almennum úrgangi árlega. Í gildi er upprunalegt mat á umhverfisáhrifum fyrir urðunarstaðinn sem samþykkt var árið 2010, þar sem heildarmagn urðaðs úrgangs í Stekkjarvík eru 630.000 tonn. Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er aukning um 9.000 tonn á ári matsskyld og því er gert nýtt mat á umhverfisáhrifum, þar sem áhrif aukningarinnar eru metin.

Í nýrri frummatsskýrslu verður stuðst við fyrra mat, og lagt mat á eftirfarandi þætti: Landslag og sjónræn áhrif; loft og hætta - gasmyndun; loft – lyktarmál; vatn og jarðvegur, þ.m.t. sigvatn; hljóðvist; hreinlæti – fok úrgangs og annarra efna; hreinlæti og hætta – fuglar og meindýr; samfélag og umferð. Gerð verður grein fyrir breytingum frá fyrra mati, og fjallað um áhættu út frá reynslu af núverandi starfsemi, mótvægisáðgerðir vegna áhrifa lagðar til eftir því sem við á og fjallað um vöktunaráætlun urðunarstaðarins. Í fyrri matsskýrslu var auk þess fjallað um fuglalíf, gróðurfar, fornleifar, landnotkun á svæðinu, útivist, ferðamennsku, samgöngur eða svæði á náttúruminjaskrá eða í náttúruverndaráætlun, en þar sem ekki er talið að áhrif aukinnar urðunar hafi viðbótaráhrif á þessa þætti umfram það sem orðið er með núverandi rekstri urðunarstaðarins, verður ekki fjallað um þá í nýrri frummatsskýrslu.

**ÚTGÁFUSAGA**

---

<u>NR.</u>	<u>HÖFUNDUR</u>	<u>DAGS.</u>	<u>RÝNT</u>	<u>DAGS.</u>	<u>SAMÞYKKT</u>	<u>DAGS.</u>
01	Sigrún María Kristinsdóttir	18.02.19	Gunnar Svavarsson Friðrik K. Gunnarsson	20.02.19 20.02.19	Sigrún María Kristinsdóttir	20.02.19
02	Sigrún María Kristinsdóttir	21.02.19	Magnús B. Jónsson	26.02.19	Friðrik K. Gunnarsson	15.03.19

---

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>7</b>
<b>1.1</b>	<b>Almennt</b>	<b>7</b>
1.1.1	Nýtt mat á umhverfisáhrifum með aukinni urðun	8
1.1.2	Tilgangur með tillögu að matsáætlun	8
1.1.3	Yfirlit yfir matsferlið	9
1.1.4	Tímaáætlun matferlis og framkvæmda	9
<b>2</b>	<b>STAÐHÆTTIR, SKIPULAG OG GILDANDI LEYFI</b>	<b>10</b>
<b>2.1</b>	<b>Staðsetning og staðhættir</b>	<b>10</b>
2.1.1	Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	11
2.1.2	Fyrirliggjandi starfsleyfi og vöktunaráætlun	12
2.1.3	Núverandi fyrirkomulag urðunar	12
<b>3</b>	<b>FRAMKVÆMDALÝSING</b>	<b>14</b>
<b>3.1</b>	<b>Tilgangur og markmið</b>	<b>14</b>
<b>3.2</b>	<b>Framkvæmd og kennistærðir</b>	<b>14</b>
<b>3.3</b>	<b>Valkostir</b>	<b>15</b>
<b>3.4</b>	<b>Áhrif á framkvæmdatíma</b>	<b>15</b>
<b>4</b>	<b>MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM – UMFANG OG ÁHERSLUR</b>	<b>16</b>
<b>4.1</b>	<b>Áhrifasvæði framkvæmda</b>	<b>16</b>
<b>4.2</b>	<b>Vinsun umhverfisþátta</b>	<b>16</b>
<b>4.3</b>	<b>Umhverfisþættir</b>	<b>17</b>
4.3.1	Landslag og sjónræn áhrif	17
4.3.2	Loft og hætta – gasmyndun	17
4.3.3	Loft – lyktarmál	17
4.3.4	Vatn og jarðvegur	17
4.3.5	Hljóðvist	17
4.3.6	Áhrif á hreinlæti – fok úrgangs eða annarra efna	18
4.3.7	Hreinlæti og hætta – fuglar og meindýr	18
4.3.8	Samfélag og umferð	18
4.3.9	Fuglalíf, gróðurfar, fornleifar, landnotkun, útivist og ferðamennska, samgöngur og svæði á náttúruminjasrá eða í náttúruverndaráætlun	18
<b>5</b>	<b>KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>19</b>
<b>5.1</b>	<b>Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun</b>	<b>19</b>
<b>5.2</b>	<b>Tillaga að matsáætlun</b>	<b>19</b>
<b>5.3</b>	<b>Kynning á frummatsskýrslu</b>	<b>19</b>
<b>6</b>	<b>HEIMILDIR</b>	<b>20</b>
<b>VIÐAUKI A</b>	<b>DEILISKIPULAG</b>	<b>21</b>
<b>VIÐAUKI B</b>	<b>ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN</b>	<b>22</b>

## MYNDASKRÁ

Mynd 1	Yfirlitsmynd af urðunarstaðnum í Stekkjarvík, Blönduósi. Tekið af heimasíðu Stekkjarvíkur [1].	7
Mynd 2	Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br	9
Mynd 3	Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík í landi Sölvabakka. Mynd tekin af heimasíðu Stekkjarvíkur [1].	10
Mynd 4	Urðunarstaðurinn og bærinn Sölvabakki. 560 m eru frá urðunarstaðnum að íbúðarhúsi á Sölvabakka. Mynd tekin af vef Loftmynda, með leyfi Blönduósbæjar.	11
Mynd 5	Magn urðunar í Stekkjarvík árin 2011 til 2018.	12
Mynd 6	Vinnuvél að störfum í Stekkjarvík [1].	13
Mynd 7	Vinnuvél í Stekkjarvík [1].	13
Mynd 8	Þjónustuhúsið á þjónustuplaninu og bílavog [1].	13
Mynd 9	Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík [1].	13

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 3.1	Helstu kennistærðir.	14
-----------	----------------------	----

# 1 INNGANGUR

## 1.1 Almennt

Byggðasamlagið Norðurá bs áformar að auka við urðun á urðunarstaðnum í Stekkjarvík í landi Sölvabakka, Blönduósi úr 21.000 tonnum af heimilis- og rekstrarúrgangi á ári hverju í 30.000 tonn, sem samsvarar aukningu um samtals 9.000 tonn á ári. Ekki er um að ræða aukningu á heildarmagni urðaðs úrgangs í Stekkjarvík, sem eftir sem áður er áætlaður 630.000 tonn í lok rekstartímans árið 2038.



**MYND 1** Yfirlitsmynd af urðunarstaðnum í Stekkjarvík, Blönduósi. Tekið af heimasíðu Stekkjarvíkur [1].

Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík (sjá mynd 1) tók til starfa í ársbyrjun 2011 og í gildi til ársins 2026 er starfsleyfi fyrir urðun af allt að 21 þús. tonnum árlega. Urðunarstaðurinn er á um 30 ha. leigulandi úr jörðinni Sölvabakka og er þar að finna urðunarhólf, þjónustuhús, þjónustuplan og 100 tona bílavog og vélaskemmu, sigvatnshreinsivirki, gasmæli- og brennslustöð auk jarðefnahauga. Sérstakt urðunarhólf er fyrir sláturúrgang og dýrahæ en sá úrgangsflokkur er urðaður sérstaklega. Byggðasamlagið er samvinnuverkefni sveitarfélaga í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu en þjónustusvæði urðunarstaðarins er nær allt Norðurland, allt frá Húnaþingi vestra austur í Norðurþing.

Upphaflega átti urðunarstaðurinn að taka við úrgangi frá sex sveitarfélögum í Skagafirði og Austur Húnavatnssýslum og mögulega Eyjafjarðarsvæði, allt að 21.000 tonnum á ári, en nú tekur hann við úrgangi frá öllum sveitarfélögum á Norðurlandi, frá Öxarfirði vestur til Hrótafjarðar sem skýrir að mestu þörfina fyrir aukna urðun. Almennur úrgangur frá heimilum hefur ekki verið að aukast undanfarið en aukning hefur verið í grófum úrgangi að hluta frá heimilum og að hluta frá ýmsum rekstri eða uppbyggingu. Nokkuð erfitt getur verið að segja til um hver þróunin muni verða en líklega mun magn frá þessu svæði vaxa hægt í nokkur ár en svo fara minnkandi vegna aukinnar flokkunar og kröfu um

endurvinnslu. Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum frá því árið 2010 var gengið út frá því að mesta mögulega heildarmagn urðunar á 30 ára rekstartíma yrði 630.000 tonn eða alls um 1.260.000 m<sup>3</sup>. Verið er að vinna áætlun um aukna urðun, sem birt verður með frummatsskýrslu, en framkvæmdaraðili gerir ekki ráð fyrir að heildarmagn úrgangs á rekstartíma urðunarstaðar aukist umfram það magn.

#### 1.1.1 Nýtt mat á umhverfisáhrifum með aukinni urðun

Áður en framkvæmdir hófust við urðunarstaðinn var gert mat á umhverfisáhrifum urðunar á allt að 21.000 tonnum af almennum úrgangi á ári að Sölvabakka, sem samþykkt var snemma árs 2010. Það mat er enn í gildi. Í því er gert ráð fyrir heildar urðun á 630.000 tonnum af úrgangi fram til ársins 2038. Ekki er um að ræða aukningu á heildarmagni urðaðs úrgangs í Stekkjarvík, sem eftir sem áður er áætlaður 630.000 t í lok rekstartímans árið 2038, þó komi til árlegrar aukningar.

Í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er förgun úrgangs þannig tilgreind í tölulið 11.02: *Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnun eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.* Töluliður 11.02 fellur í flokk A, en í því felst að framkvæmdin þarf að gangast undir mat á umhverfisáhrifum.

Í sömu lögum er jafnframt að finna ákvæði um viðbætur eða breytingar á framkvæmdum. Í tölulið 13.01 segir: *Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A þegar breytingin eða viðbótin sjálf fer yfir þau viðmið sem flokkur A setur.* Níu þúsund tonna aukning er meira en viðmiðunarmörk í tölulið 11.02 í lögum um mat á umhverfisáhrifum og fer því yfir þau mörk sem tilgreind eru í tölulið 13.01 við lögin. Því fellur aukning á urðun í Stekkjarvík undir tölulið 13.01 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og gengst því aukningin undir mat á umhverfisáhrifum samkvæmt 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Því þarf að gera nýtt mat á umhverfisáhrifum með aukningu, en stuðst er við eldra matið og vísað í það eftir því sem við á. Búið er að sækja um nýtt starfsleyfi fyrir aukinni urðun til Umhverfisstofnunar, sem unnt verður að vinna og gefa út þegar mati á umhverfisáhrifum er lokið og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

Norðurá bs. hefur falið EFLU verkfræðistofu að hafa umsjón með mati á umhverfisáhrifum.

Í þessu skjali eru birt tillaga að matsáætlun, í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

#### 1.1.2 Tilgangur með tillögu að matsáætlun


Matsáætlun er verkáætlun matsvinnunnar. Matsáætlunin er birt og kynnt áður en eiginleg matsvinna hefst, svo allir geti komið á framfæri athugasemdum sínum við efnistöð og áherslur matsvinnunnar. Í þessari að tillögu að matsáætlun er grein gerð fyrir framkvæmdinni, framkvæmda- og áhrifasvæði hennar og kynntir eru þeir þættir framkvæmdarinnar sem talið er að leggja þurfti mesta áherslu á í mati á umhverfisáhrifum. Einnig er fjallað um þau gögn sem eru fyrir hendi og byggja á athugunum framkvæmdaraðila í tengslum við fyrra mat á umhverfisáhrifum fyrir urðunarstaðinn og vöktun á rekstartíma. Í tillögu að matsáætlun er því jafnframt lýst hvernig staðið verði að mati á áhrifum. Að



lokum er fjallað um undirbúning framkvæmdarinnar og um kynningu og samráð við væntanlega umsagnar- og hagsmunaaðila, svo og almenning, við gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

### 1.1.3 Yfirlit yfir matsferlið

Aðferðin sem beitt er við mat á umhverfisáhrifum er í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. [1] og reglugerð nr. 660/2015 [2]. Mynd 2 sýnir gefur yfirlit yfir matsferlið. Nánari upplýsingar um matsferlið má finna á vef Skipulagsstofnunar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).



**MYND 2** Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br

### 1.1.4 Tímaáætlun matferlis og framkvæmda

Tillaga að matsáætlun er send til Skipulagsstofnunar í mars 2019. Stefnt er að því að frummatsskýrsla sé send inn til meðferðar Skipulagsstofnunar sumarið 2019 og að álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu geti legið fyrir snemma veturs 2019. Stefnt er að því hægt verði að hefjast handa við aukna urðun snemma árs 2020.

## 2 STAÐHÆTTIR, SKIPULAG OG GILDANDI LEYFI

### 2.1 Staðsetning og staðhættir

Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík er á um 30 ha svæði að öllu leyti í landi Sölvabakka í Refasveit, Blönduósbæ. Svæðið er um 600 m norður af Sölvabakka þar sem styst er, og 1.200 m þar sem lengst er, og liggur í um 60 m fjarlægð frá sjó. Urðunarstaðurinn er á sléttum mel sem hallar lítillega í átt til sjávar en neðst á svæðinu eru brattar malar- og leirbrekkur sem ná niður í fjöru. Um 5 km sjónlína er að Blönduósi og eru sjö bæir í innan við 3 km sjónlínu frá svæðinu [3].

Norðurá leigir landið í Stekkjarvík af landeigendum Sölvabakka og gildir leigusamningurinn til ársins 2038. Urðað hefur verið á svæðinu síðan 2011.



**MYND 3** Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík í landi Sölvabakka. Mynd tekin af heimasíðu Stekkjarvíkur [1].



**MYND 4** Urðunarstaðurinn og bærin Sölvabakki. 560 m eru frá urðunarstaðnum að íbúðarhúsi á Sölvabakka. Mynd tekin af vef Loftmynda, með leyfi Blönduósbæjar.

### 2.1.1 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Í fyrri matsskýrslu er vísað í Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016. Það hefur nú verið fellt úr gildi.

Skv. aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 er gert ráð fyrir sorpförgunarsvæði í Stekkjarvík í landi Sölvabakka í Refasveit [4, 5]. Deiliskipulag urðunarstaðarins er aðgengilegt inni á skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar, og má einnig sjá í viðauka 1 [3]. Það var samþykkt árið 2015 og í því er gert ráð fyrir urðun á allt að 21.000 tonnum árlega. Gert er ráð fyrir að svæðinu verði skilað í svipuðu ástandi útlitslega og það var áður en urðun hófst, en að höfðu samráði við landeiganda getur komið til landmótunar á lóð með uppgrafið efni náist ekki að nýta það allt.

Samráð verður haft við sveitarfélagið vegna skipulagsmála.


### 2.1.2 Fyrirliggjandi starfsleyfi og vöktunaráætlun

Starfsleyfi Norðurár bs. fyrir urðun í Stekkjarvík í landi Sölvabakka er að finna á vef Umhverfisstofnunar [1]. Það er dagsett í nóvember 2010, gildir til ársins 2026 og heimilar urðun á 21.000 tonnum af almennum úrgangi á ári hverju. Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi fyrir aukinni urðun til Umhverfisstofnunar.

Ítarleg vöktunaráætlun er skilgreind í núverandi starfsleyfi urðunarstaðarins, sem verður fjallað um í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi.

### 2.1.3 Núverandi fyrirkomulag urðunar

Á heimasíðu Stekkjarvíkur kemur fram að rekstraraðilar móttökustöðva og aðrir stærri úrgangslosendur koma með heimilis- og rekstrarúrgang til förgunar, en ekki einstaklingar. Þrír starfsmenn starfa á urðunarstaðnum og er sorpmóttakan opin alla virka daga. Starfsmenn vigta og skrá sorp sem komið er með á staðinn, greina farminn og skrá uppruna hans, og stýra svo losun farmsins. Úrgangurinn er síðan troðinn með yfir 30 tonna troðara jafn óðum og í lok dags er vinnslusvæðið hulið með sandi úr efnislager á lóð. Loka má urðunarstaðnum þegar vindstyrkur fer yfir 12 m/sek. eða vindátt stendur þannig að losun sorps er ekki viðráðanleg vegna hættu á foki [6], en fokvarnir eru einnig til staðar á lóðinni. Ekki er fyrirhugað að þetta fyrirkomulag breytist. Reglulega eru gerðar spár eða áætlanir um úrgangsmagn sem reikna má með að berist, en það getur þó reynst erfitt vegna margra þátta sem urðunarstaðurinn nær ekki að stýra, svo sem neyslubreytinga, uppbyggingar og reglugerðarbreytinga um meðhöndlun úrgangs.



**MYND 5** Magn urðunar í Stekkjarvík árin 2011 til 2018.

Á mynd 5 má sjá yfirlit yfir það magn úrgangs sem urðað hefur verið árin 2011-2018. Þar sést hvernig þörfin fyrir aukið magn hefur aukist jafnt og þétt, en skýrist þó að mestu með því að tekið er við úrgangi af stækkandi svæði. Á myndum 6 til 9, sem teknar eru af heimasíðu Stekkjarvíkur [1], má sjá vinnuvélar að störfum í Stekkjarvík og þjónustuhús og vog.



**MYND 6** Vinnuvél að störfum í Stekkjarvík [1].



**MYND 7** Vinnuvél í Stekkjarvík [1].



**MYND 8** Þjónustuhúsið á þjónustuplaninu og bílavog [1].



**MYND 9** Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík [1].

### 3 FRAMKVÆMDALÝSING

#### 3.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur með framkvæmdinni er að auka um 9000 tonn við það magn sorps (heimilis- og rekstrarúrgangs) sem heimilt er að urða í Stekkjarvík árlega, eða úr 21.000 tonnnum í 30.000 tonn. Aukningin er til komin vegna stækkunar þess svæðis sem urðunarstaðurinn tekur við sorpi frá, auk þess að með uppsveiflu í hagkerfinu myndast meira af úrgangi. Ekki er um að ræða aukningu á heildarmagni urðaðs úrgangs í Stekkjarvík, sem eftir sem áður er áætlaður 630.000 t í lok rekstartímans árið 2038, líkt og fram kemur í fyrri skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

#### 3.2 Framkvæmd og kennistærðir

Í raun er engin breyting fyrirhuguð á núverandi framkvæmd urðunar að urðunarstaðnum Stekkjarvík í landi Sölvabakka, önnur en sú að um aukið magn á ári verður að ræða, með tilheyrandi aukningu á umferð og umsvifum á lóðinni. Urðun fer eftir sem áður fram á lóðinni sjálfri og hugsanlegt er að svæðið sem urðað er á verði stækkað lítið eitt, en allt innan þegar skilgreindra marka.

Heildar urðunarhólfir er grafið í þremur til fjórum áföngum yfir rekstartímann og var fyrsti áfangi sem tekinn var í notkun 2010 þeirra stærstur eða um 390.000 m<sup>3</sup> og annar áfangi sem tekin var í notkun árið 2016 um 300.000 m<sup>3</sup>. Síðari graftraráfangar verða minni þar sem núverandi hólf er bara fyllt að hluta til hægt sé að stækka og nýta urðunarrými lóðar sem best og lágmarka umhverfisáhrif. Gert er ráð fyrir að heildarmagn urðaðs efnis verði samtals 630.000 t í lok árs 2038, sem er óbreytt magn urðaðs efnis frá fyrri matskýrslu, og að rúmtak verði innan við 1.260.000m<sup>3</sup>. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir aukningu frá núverandi stöðu á hámarks árlegri urðun, þannig að urðuð verði 30.000 t/ári í nokkur ár og svo dragi úr urðun aftur til loka 2038. Nánar verður fjallað um framkvæmdina og birtar spár um árlegt urðunarmagn í frummatsskýrslu.

Á gildandi deiliskipulagi (sjá viðauka 1) er gert ráð fyrir urðun á stærra svæði en verið er að urða á í dag, svo urðun verður í samræmi við deiliskipulagið.

**TAFLA 1** Helstu kennistærðir.

	NÚVERANDI	EFTIR AUKNINGU	ÁHRIF
Lóð urðunarsvæðisins	30 ha	30 ha	Óbreytt
Heimil urðun á ári	21.000 tonn	30.000 tonn	Aukning um 9.000 tonn á ári
Heimil heildarurðun í Stekkjarvík	630.000 tonn	630.000 tonn	Óbreytt
Stærð svæðis sem urðað er á	15 ha	15 ha	Óbreytt
Þjónustuhús	65 m <sup>2</sup>	65 m <sup>2</sup>	Óbreytt
Þjónustuplan	1.200 m <sup>2</sup>	1.200 m <sup>2</sup>	Óbreytt
Bílavog	18,3m	18,3m	Óbreytt
Umferð	10 bílar á dag	Um 15 bílar	Umfjöllun í frummatsskýrslu.

Tímaáætlun úr fyrra mati helst óbreytt, en áætlað er að rekstartímabil sé allt að 30 ár til ársins 2038.

Í fyrra mati kom fram að verið var að kanna hvort nota mætti uppgrafið efni í Skagastrandarveg, en þegar til kom hefur lítil þörf reynst fyrir það efni. Því er fyrirhugað að jafna uppgrafið efni út á landinu í samráði við landeigenda eða skilja efni eftir í hól í lok vinnslutímans á sama tíma og lagt verður upp úr því að halda landmótuninni sem fyrir var.

Í töflu **1** má sjá helstu kennistærðir, bæði núverandi og eftir að fyrirhuguð aukning urðunar er komin í gagnið. Í töflunni sést að umfang aukningarinnar felst eingöngu í aukningu á urðun að meðtalinni aukinni umferð vegna hennar. Aukning verður jafnframt á umhverfisáhrifum á borð við sigvatn og hauggas í samræmi við aukningu úrgangs, sem metið verður í frummatsskýrslu (sjá kafla 4.3).

Í frummatsskýrslu verður nefnt að ef hámarks heimilaðri urðun í Stekkjarvík, 630.000 tonnum, verði ekki náð í lok ársins 2038, verði sótt um framlengingu á starfsleyfi urðunarstaðarins þar til því magni er náð.

### **3.3 Valkostir**

Í frummatsskýrslu verður lagt mat á núllkost, það er að ekki verði aukið við heimilaða urðun í Stekkjarvík og að urðun haldist eins og hún er í dag. Engir aðrir valkostir koma til greina að mati framkvæmdaraðila, og því eru engir valkostir lagðir til aðrir en aukin urðun og núllkostur. Þá verður nefnt að ef hámarks heimilaðri urðun í Stekkjarvík, 630.000 tonnum, verði ekki náð í lok ársins 2038, verði sótt um framlengingu á starfsleyfi urðunarstaðarins og leigusamningi um landið þar til því magni er náð.

### **3.4 Áhrif á framkvæmdatíma**

Þar sem eingöngu er um að ræða aukningu á árlegu magni urðunar, en ekki aukningu á heildarmagni urðaðs efnis, stækkun eða tilfærslu á urðunarstaðnum er ekki gert ráð fyrir að áhrif á framkvæmdatíma verði mikil. Í fyrri matsskýrslu var fjallað um jarðrask af gerð urðunarhólfs, vega og plans. Því jarðraski er að stærstum hluta lokið fyrir utan stækkun á urðunarhólfi og verður vísað í reynslu af því. Auk þess er þar talað um áhrif á rekstartíma urðunarstaðar og áhrif á eftirlitstímabili eftir að almennum rekstri lýkur og verður fjallað um áhrif af auknu magni í frummatsskýrslu.

## 4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM – UMFANG OG ÁHERSLUR

Í frummatsskýrslu verður fjallað um þá þætti umhverfisins sem hugsanlega geta orðið fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Í tillögu að matsáætlun eru kynntir þeir umhverfisþættir sem talin er ástæða til þess að fjalla um í matsferlinu. Við ákvörðun um hvaða þætti bæri að athuga, voru fyrirbyggjandi gögn skoðuð, mið tekið af kröfum í lögum og reglugerðum auk þess sem tekið var tillit til fyrra mats á umhverfisáhrifum urðunarstaðarins [8]. Við mat á umhverfisáhrifum er stuðst við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015 m.s.br. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar annars vegar um mat á umhverfisáhrifum og hinsvegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir og alþjóðasamninga.

### 4.1 Áhrifasvæði framkvæmda

Áhrifasvæði framkvæmda er hið sama og í fyrri matsskýrslu, eða það svæði sem ætla má að áhrifa af völdum framkvæmdarinnar gæti, bæði á framkvæmdatíma, rekstrartíma og eftirlitstíma:

- „Bein áhrif á umhverfið: Við afmörkun áhrifasvæðis vegna beinna áhrifa af völdum jarðraskis á gróðurfar og jarðmyndanir er miðað við 100 metra svæði út fyrir afmarkað framkvæmdarsvæði.
- Áhrif á landslag og sjónræna þætti: Áhrifasvæðið nær til um 2 km svæðis út frá urðunarstað.
- Áhrif á loft: Við afmörkun áhrifasvæðis vegna áhrifa af völdum gasmyndunar og hætta er einkum horft til svæðis innan jarðarmarka en einnig til hnattrænna áhrifa.
- Áhrif á vatn og jarðveg: Við afmörkun áhrifasvæðis vegna mögulegra áhrifa sigvatns á vatn og jarðveg er einkum horft til svæðis sem stendur lægra í landi en botn urðunarstaðar þ.e. í átt til sjávar og að yfirborðsvatni í nágrenni.
- Áhrif á fuglalíf og spendýr, fornminjar, svæða á náttúruminjaskrá: Við afmörkun áhrifasvæðis er horft til svipaðs svæðis og vegna beinna áhrifa á gróðurfar og jarðmyndanir.
- Afmörkun áhrifasvæðis vegna lyktar, ryks, foks úrgangs og hávaða: Litið er til stærra svæðis eða að næstu bæjum við urðunarstað.
- Samfélag og landnotkun, umferð og samgöngur, útivist og ferðamennska: Við afmörkun áhrifasvæðis er litið til sveitarfélagsins og nágrennasveitafélagi“ [8].

### 4.2 Vinsun umhverfisþátta

Í frummatsskýrslu verður lögð megináhersla á þá umhverfisþætti sem fjallað var um í fyrri matsskýrslu og horft til áhrifa af aukningu urðunar á þá. Vísað verður í eldri skýrslu og ákvæði í núverandi rekstrarleyfi eftir því sem við á, sem og reynslu rekstraraðila af núverandi rekstri, niðurstöður rannsókna sem gerðar voru áður en rekstur hófst og niðurstöður vöktunar rekstraraðila á urðunarsvæðinu síðan rekstur hófst. Mat verður lagt á eftirfarandi þætti: Landslag og sjónræn áhrif; loft og hætta – gasmyndun; loft – lyktarmál; vatn og jarðvegur, þ.m.t. sigvatn; hljóðvist; hreinlæti – fók úrgangs og annarra efna; hreinlæti og hætta – fuglar og meindýr; samfélag og umferð. Gerð verður grein fyrir breytingum frá fyrra mati og árangur af þeim mótvægisáðgerðum sem ráðist hefur verið í nú þegar, og fjallað um áhættu út frá reynslu af núverandi starfsemi, mótvægisáðgerðir vegna áhrifa lagðar til eftir því sem við á og fjallað um vöktunaráætlun urðunarstaðarins. Í fyrri matsskýrslu var auk



Þess fjallað um fuglalíf, gróðurfar, fornleifar, landnotkun á svæðinu, útivist, ferðamennsku, samgöngur eða svæði á náttúruminjasrá eða í náttúruverndaráætlun. Ekki er talið að áhrif aukinnar urðunar hafi viðbótaráhrif á þessa umhverfispætti umfram það sem orðið er með núverandi rekstri urðunarstaðarins. Því verður ekki fjallað um þá í nýrri frummatsskýrslu.

### 4.3 Umhverfispættir

#### 4.3.1 Landslag og sjónræn áhrif

Stuðst verður við fyrra mat hvað varðar landslag og sjónræn áhrif, en í þeirri skýrslu voru valdir nokkrir staðir þar sem líklegt er að fólk fari um og sjái inn að urðunarsvæðinu. Þar sem líklegt þykir að aukningarinnar verði vart séð frá þessum stöðum, verður áhrifum og einkennum aukningarinnar lýst og mat lagt á áhrifin. Einnig verður lagt mat á hugsanlega landmótun með uppgröfnu jarðefni á lóð.

#### 4.3.2 Loft og hætta – gasmyndun

Mat verður lagt á áhrif aukinnar urðunar og efnistöku á loftgæði andrúmslofts vegna gasmyndunar og hættu sem gas getur skapað. Stuðst verður við eldri matsskýrslu og niðurstöður vöktunar undanfarinna ára á magni og samsetningu hauggass sem myndast, og fjallað um aukningu á helstu gastegundum sem myndast við niðurbrot á lífrænum úrgangi, þ.e. metan og koltvísýring. Umfjöllun verður um mögulega söfnun og nýtingu eða brennslu metans. Vísað verður í eldri skýrslu hvað varðar staðbundin og hnattræn áhrif.

#### 4.3.3 Loft – lyktarmál

Mat verður lagt á áhrif aukningar urðunar og efnistöku á loftgæði andrúmslofts vegna hugsanlegra lyktarmála. Stuðst verður við eldri skýrslu og niðurstöður reksturs undanfarinna ára og fjallað um þá þætti sem hafa mest áhrif á lyktarmengun, t.d. vindafar, fjarlægðir til næstu íbúðarhúsa og helstu rekstrarþætti urðunarstaðarins.

#### 4.3.4 Vatn og jarðvegur

Mat verður lagt á hugsanleg viðbótaráhrif vegna aukinnar urðunar á vatn og jarðveg. Stuðst verður við fyrra mat og niðurstöður vöktunar og reksturs undanfarinna ára, einkum hvað varðar magn og samsetningu sigvatns, stöðu og samsetningu grunnvatns og samsetningu yfirborðsvatns. Einnig botnþéttingu og mengunarefni í sjávarseti. Vatn í umhverfi urðunarstaðar sem hugsanlega gæti mengast er grunnvatn, straumvatn í ám og lækjum og annað yfirborðsvatn.

#### 4.3.5 Hljóðvist

Stuðst verður við fyrri matsskýrslu og áhrif reksturs undanfarinna ára í umfjöllun um hljóðvist vegna aukningar urðunar, helstu hljóðgjafar nefndir og fjallað um atriði er geta dregið úr áhrifum þeirra.

#### 4.3.6 Áhrif á hreinlæti – fok úrgangs eða annarra efna

Mat verður lagt á fok eðlisléttis úrgangs frá aukinni urðun, sem er oft eitt helsta vandamál á urðunarstöðum. Beint samband er milli fokhættu og vindstyrks. Stuðst verður við fyrra mat, reynslu af rekstri og þeim fokvörnum sem til staðar eru.

#### 4.3.7 Hreinlæti og hætta – fuglar og meindýr

Stuðst verður við niðurstöður úr fyrri skýrslu og niðurstöður vöktunar undanfarinna ára sem og reynslu rekstraraðila hvað fugla og meindýr varðar hvað viðkemur aukningunni.

#### 4.3.8 Samfélag og umferð

Mat verður lagt á hugsanleg áhrif aukningarinnar á samfélag. Gerð er grein fyrir íbúafjölda svæðisins sem og helstu atvinnuvegum, og breytingu á sorphirðu í samfélaginu síðan fyrri skýrsla var skrifuð. Fjallað verður um umferð á svæðinu í tengslum við sorphirðu og flutning.

#### 4.3.9 Fuglalíf, gróðurfar, fornleifar, landnotkun, útivist og ferðamennska, samgöngur og svæði á náttúruminjaskrá eða í náttúruverndaráætlun

Ekki er talið að áhrif aukinnar urðunar hafi viðbótaráhrif á fuglalíf, gróðurfar, fornleifar, landnotkun á svæðinu, útivist og ferðamennsku og samgöngur umfram það sem orðið er með núverandi rekstri urðunarstaðarins. Í fyrri matsskýrslu kom fram að á svæðinu eru engin svæði sem skilgreind eru á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun. Því verður ekki fjallað um þessi atriði í nýrri frummatsskýrslu.

## 5 KYNNING OG SAMRÁÐ

### 5.1 Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun auglýst í Húna og Fréttablaðinu þann 27. febrúar 2019 sbr. 16.gr. rg. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum og er tillagan gerð aðgengileg á vef EFLU verkfræðistofu, [www.efla.is](http://www.efla.is). Fréttir voru birtar á vefsíðum urðunarstaðarins ([www.stekkjjarvik.is](http://www.stekkjjarvik.is)), Sveitarfélagsins Skagastrandar ([www.skagastrond.is](http://www.skagastrond.is)) og á vefmiðlinum Húnahornið ([www.huni.is](http://www.huni.is)). Samkvæmt talningu á vefsíðu EFLU verkfræðistofu voru samtals 22 aðilar utan EFLU sem fylgdu auglýstri slóð á vefsíðu þar sem hægt var að nálgast drögin. Athugasemdafrestur rann út 13. mars 2019.

Ein athugasemd barst við drög að tillögu að matsáætlun frá oddivita Skagabyggðar. Athugasemd Skagabyggðar snýr að aðgerðum gegn hrafni og mávum en fram kemur í athugasemd að bændur hafi orðið fyrir: „stórtjóni af völdum fuglanna, þeir eyðileggja heyrúllur, sitja fyrir nýfæddum lömbum og trufla æðarvarp. Það þarf að vera virk áætlun í gangi hvernig koma megi í veg fyrir tjón sem bændur verða fyrir. Ef ekkert slíkt verður gert, getur sveitarstjórn illa fallist á aukningaráformin“. Athugasemdina er að finna í viðauka B.

Umfjöllun verður í frummatsskýrslu um hvernig staðið hefur verið að vörnum gegn hrafni og mávi á rekstrartíma, hver árangur þessa starfs hefur verið og hvernig staðið verður að þessum vörnum í framtíðinni.

### 5.2 Tillaga að matsáætlun

Tillaga að matsáætlun er nú send til meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Stofnunin tekur tillöguna til meðferðar og sendir lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar og þurfa svör þeirra að berast innan þess frests sem stofnunin veitir. Allir hafa rétt til að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun innan gefins frests. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun verður hluti matsáætlunarinnar og verður frummatsskýrsla í samræmi við matsáætlun.

### 5.3 Kynning á frummatsskýrslu

Við gerð frummatsskýrslu verður haft samráð við Skipulagsstofnun og umsagnaraðila í samræmi við lög ummat á umhverfisáhrifum. Áætlað er að skila frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar sumarið 2019. Niðurstöður matsvinnunar verða kynntar almenningi í samráði við Skipulagsstofnun á kynningartíma frummatsskýrslunnar. Frummatsskýrslan verður aðgengileg á opinberum stöðum, auk þess að verða aðgengileg á vefnum. Nánari upplýsingar um aðgang að skýrslunni verða auglýstar síðar í fjölmiðlum.

## 6 HEIMILDIR

- [1] Norðurá bs, „Stekkjjarvík,“ 12 febrúar 2019. [Á neti]. Available: <http://www.stekkjjarvik.is/is>.
- [2] „Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.“
- [3] „Reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum“
- [4] Blönduósbær, „Sölvabakki - urðun og efnistaka. Deiliskipulag (unnið af Landmótun),“ Blönduósbær, Blönduósbær, 2015.
- [5] Blönduósbær, „Blönduósbær Aðalskipulag 2010-2030 Greingargerð (unnið af Landmótun),“ Blönduósbær, Blönduós, 2010.
- [6] Blönduósbær, „Sveitarfélagið Blönduós Aðalskipulag 2010-2030 uppdráttur (unnið af Landmótun),“ Blönduósbær, Blönduósbær, 2010.
- [7] „Starfsleyfi Norðurá bs. - urðunarstaður við Stekkjjarvík,“ 26 nóvember 2010. [Á neti]. Available: [https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Mengandi-Starfssemi/Urgangur-og-efnamottaka/Nordura\\_Stekkjjarvik\\_2026.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Mengandi-Starfssemi/Urgangur-og-efnamottaka/Nordura_Stekkjjarvik_2026.pdf).
- [8] Norðurá bs., „Sölvabakki Blönduósbæ - urðunarstaður og efnistaka. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla. (Unnið af EFLU verkfræðistofu),“ Norðurá bs., Reykjavík, 2010.
- [9] „Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998“
- [10] „Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003“
- [11] „Lög um menningarminjar nr. 80/2012“
- [12] „Lög um náttúruvernd nr. 60/2013“

**VIÐAUKI A DEILISKIPULAG**

## **VIÐAUKI B    ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN**

-----Original Message-----

From: Dagný Úlfarsdóttir [<mailto:dagnyrosa76@gmail.com>]

Sent: miðvikudagur, 13. mars 2019 08:03

To: Friðrik Klingbeil Gunnarsson <[fridrik.gunnarsson@efla.is](mailto:fridrik.gunnarsson@efla.is)>

Cc: Skagabyggð <[skaga.byggd@simnet.is](mailto:skaga.byggd@simnet.is)>

Subject: Urðunarstaðurinn Stekkjarvík - aukning á urðun

Komdu sæll.

Á sveitarstjórnarfundum Skagabyggðar 4. mars sl. voru kynnt áform um aukningu á urðun í Stekkjarvík.

Sveitarstjórn setur sig ekki á móti þeirri stækkun en telur mjög brýnt að ráðist verði í umfangsmiklar förgunaraðgerðir á hrafni og mávum.

Bændur í nágrenni urðunarstaðarins hafa orðið fyrir stórtjóni af völdum fuglanna, þeir eyðileggja heyrúllur, sitja fyrir nýfæddum lömbum og trufla æðarvarp. Það þarf að vera virk áætlun í gangi hvernig koma megi í veg fyrir tjón sem bændur verða fyrir.

Ef ekkert slíkt verður gert, getur sveitarstjórn illa fallist á aukningaráformin.

Bestu kveðjur,

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Oddviti Skagabyggðar